	Flutt	1152 kr.
23. Helgu Magnúsdóttur frá Glœsibœ	40	—
24. Helgu Pálsdóttur frá Reynivöllum	70	—
25. Ingibjörgu Thorarensen frá Stokkseyri	40	—
26. Kristínu Eiríksdóttur frá Efri-Holtaþingum	50	—
27. Kristínu Gunnarsdóttur frá Desjamýri	80	—
28. Kristínu Jónsdóttur frá Þykkvabœjarklaustri	85	—
29. Kristjönu Pálsdóttur frá Möðruvallaklaustri	20	—
30. Maren Níelsdóttur frá Höskuldsstöðum	60	—
31. Margrjet Magnúsdóttur frá Skorrastað	70	—
32. Margrjet Narfadóttur frá Glœsibœ	85	—
33. Málmfríði Jónsdóttur frá Upsum	50	—
34. Oddný Friðr. Pálsdóttur frá Kálfafellsstað	40	—
35. Ólavíu Ólafsdóttur frá Hesti	50	—
36. Sigríði Benidiktsdóttur frá Einholti	60	—
37. Sigríði Ingimundssdóttur frá Otrardal	40	—
38. Sigríði Jónsdóttur frá Skinnastöðum	76	—
39. Sigríði Oddný Bjarnardóttur frá Undirfelli	32	—
40. Sigríði Oddsdóttur frá Dýrafjarðarþingum	70	—
41. Sigurbjörg Jónsdóttur frá Undirfelli	40	—
42. Solveig Einarsdóttur frá Holti undir Eyjafjöllum	30	—
43. Solveig Markúsdóttur frá Stokkseyri	40	—
44. Steinunni Bjarnadóttur Melsteð frá Klausturhólum	40	—
45. Steinunni Jónsdóttur frá Höskuldsstöðum	80	—
46. Þorbjörg Jónsdóttur frá Kolfreyjustað	60	—
47. Önnu Guðmundsdóttur frá Helgafelli	40	—
Samtals	2500	kr.

10. 18. jan.

11. 24. jan. *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um* bústaði nokkurra hjeraðslækna. Með þessu brjefi skipaði landshöfðingi svo fyrir, samkvæmt 2. gr. í lögum 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeruðunum, að neðantaldir hjeraðslæknar skuli sitja þar í umdœmi sínu, er nú skal greina:

Hjeraðslæknirinn

í 2. læknishjeraði: í Vogum, Njarðvík eða Keflavík.
- 3. —— - Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, eða í Andakýlshreppi í Borgarfjarðarsýslu.
- 5. —— - Barðastrandarhreppi.
- 7. —— - fyrst um sinn að Bœ í Reykhólasveit.
- 17. —— - fyrst um sinn í Kleifahreppi.
- 18. —— - Fljótshlíðarhreppi vestanverðum, eða í Hvolhreppi, eða í Rangárvallahreppi.
- 19. —— - annaðhvort um miðbik sýslunnar (sunnan til í Grímsnesi eða ofan til í Flóa), eða á verzlunarstaðnum Eyrarbakka.

12. 30. jan. — *Brjef* landshöfðingja *til biskups um* útbýtingu styrks til fátœkustu brauða. Samkvæmt tillögum herra biskupsins í háttvirtu brjefi 22. þ. m., er fje því,

Hinn 28. febrúar 1878.

Reykjavík 1878. Einar Þórðarson.

12 30. jan. er veitt er til fátækustu brauða í 13. gr. A b 1 í fjárlögunum 19. október f. á., að upphæð 4000 kr., þetta ár úthlutað meðal neðangreindra brauða:

A. Staður í Aðalvík	400 kr.		Futtar 1850 kr.
Þönglabakki	300 —	Stöð	50 —
Bergsstaðir	200 —	Staður í Grindavík með Selvogsþ.	50 —
Reynisþing	200 —	Staður í Súgandafirði	50 —
Kirkjubólsþing með Stað á		Tröllatunga	50 —
Snæfjallaströnd	200 —	Hrepphólar	50 —
Húsavík	100 —	Einholt	50 —
Lundur	100 —	Miðgarður í Grímsey	50 —
Hvammur og Keta	100 —	Hnappstaðir	50 —
Flatey	100 —	Torfastaðir	50 —
Álptamýri	100 —	Blöndudalshólar	50 —
Klyppstaður	50 —	Rípur	50 —
	Flyt 1850 kr.		2400 kr.

og meðal

B. neðangreindra brauða, sem nú eru prestlaus, með því skilyrði, að þau verði veitt fyrir 31. ágúst þ. á., og að þeir, sem þau fá, fari samsumars að þjóna þeim:

			Fluttar 1000 —
Ásar í Skaptártungu . . .	400 kr.	Kvíabekkur	200 —
Sandfell í Öræfum	400 —	Presthólar	200 —
Hvanneyri	200 —	Mývatnsþing	200 —
	Flyt 1000 kr.		Samtals 4000 kr.

Framangreind uppbót er veitt brauðunum um fardagaárið 1878—79, og hefi jeg ritað landfógeta um að greiða fjeð eptir næstu fardaga.

Fari svo, að brauð þau, er til greind eru við staflið B., verði eigi veitt fyrir 31. ágúst þ. á., vonast jeg eptir nánari tillögum frá herra biskupnum um það, hvernig verja skuli fje því, er þeim brauðum er lagt með áminnztu skilyrði.

13 30. jan. — *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* Stjórnartíðindin. Með því að það sást á bónarbrjefi einu til landshöfðingja, að það hafði komizt upp við úttekt á brauði, að Stjórnartíðindum þess hafði eigi verið haldið reglulega saman, skoraði landshöfðingi á stiptsyfirvöldin að brýna fyrir prestum, að þeir sjeu skyldir að geyma exemplar það af Stjórnartíðindunum, er þeim er sent og ætlazt er til að fylgi brauðinu, og að leggja fyrir prófastana að líta eptir því, bæði við hinar árlegu vísitazíur þeirra, og þegar brauð eru tekin út við prestaskipti, að tíðindunum sje haldið í þeirri reglu, sem vera ber. Jafnframt var vísað í fyrirmæli 23. greinar í auglýsing 3. maí 1872 um það, hvernig hlutaðeigandi ætti að fara að, er póststjórnin annaðist útsendingu Stjórnartíðindanna, og eitthvert númer af þeim kœmi eigi til skila á viðkomandi póststöðvar, en þar sem prestar gjörðu aðra ráðstöfun til að fá Stjórnartíðindin, yrði það að vera þeirra að sjá um, að þau kœmust öll til skila.

14 4. febr. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um* styrk handa amtsbókasafninu í Stykkishólmi. — Eptir tillögum yðar,